

**Bæjarráð Akraness**  
**b/t Regína Ástvaldsdóttir bæjarstjóri**  
**Stillholti 16 – 18**  
**300 Akranes.**

Akranesi 24.júlí 2015.


**Efni: Greinargerð vegna lóðaumsóknar.**

Grenjar ehf., kt:570901-2490, Bakkatúni 26, Akranesi, hefur verið úthlutað lóðunum Blómalundur 1-3, 5-7-9 og 11-13. Nú hefur fyrirtækið einnig sótt um lóðirnar Akralundur 8, 10,12 og 14. Þessar lóðir við Blómalund og Akralund liggja saman og mynda eina heild í hverfinu.

Hugmyndir fyrirtækisins ganga út á að óska eftir deiliskipulagsbreytingu þannig að heimilt verði að byggja 8 parhús á einni hæð á þessum lóðum, samtals 16 íbúðir, samkvæmt meðfylgjandi uppdráttum.

Allar íbúðirnar verða settar inn í leigufélag og yrði því sótt um afslátt af gatnagerðargjöldum samanber annan punkt í 4.grein „GJALDSKRÁ FYRIR GATNAGERÐARGJALD OG TENGINGU FRÁ VEITU Á AKRANESI“, sem bæjarráð samþykkti þann 16.júlí 2015.

F.h. Grenjar ehf.



\_\_\_\_\_  
Þorgeir Jósefsson  
framleiðslu- og þjónustustjóri